

## Mannrækt

Í 10. bekk breytast áherslur í takt við aldur nemenda. Í mannræktartímum er leitast við að undirbúa nemendur fyrir framhaldsskólaárin og þá staðreynd að fullorðinsárin eru á næsta leiti. Í því felst m.a. að bílprófsaldur nálgast, nemendur fara brátt að kynnst vinnumarkaði í auknum mæli, aukin ábyrgð og sjálfstæði fylgja þessum aldri og nemendur fara að horfast í augu við að þurfa að bera á byrgð á fjármálum og bera í auknum mæli þá ábyrgð sem fullorðinsárin færa þeim. Einn mannræktartími er á stundaskrá nemenda allan veturinn.

### Markmið

Að nemendur...

- rifji upp þá þætti í skólanum sem stuðla að öryggi þeirra sjálfra með því að þekkja viðbrögð við eldsvoða og jarðskjálftum og fái þjálfun í að rýma skólahúsnæðið ef hættu ber að höndum.
- fái leiðbeiningar um góða námshætti og námstækni og tileinki sér slík vinnubrögð.
- ræði góð samskipti sem fela í sér vellíðan og efli sjálfsmynd og hvernig það er að vera heilsteyptur einstaklingur.
- geri sér grein fyrir ábyrgð sem fylgir því að aka bifreið og kynnist ferlinu við ökunám og ökuþróf.
- þjálfist í því að tileinka sér hugtök eins og sparnaður, yfirdráttur, launaseðill, skattar, skattkort, lífeyrir, orlof, vextir, ábyrgðarmaður, launamaður.....
- þjálfist í að gera ferilskrá og hvernig á að sækja um vinnu.
- efli áfram þekkingu sína í fjármálalæsi, mikilvægi þess að skipuleggja tímann sinn og velja góðan lífstíl og kynnist þeirri ábyrgð sem fylgir framhaldsskólaárum og fullorðinsárum.
- kynnist réttindum og skyldum á vinnustað.
- dýpki þekkingu sína á áhrifum klámvæðingar og fræðist um neikvæð áhrif hennar á kynhegðun um leið og athyglinni er beint að þeirri vellíðan og fegurð sem kynlíf getur veitt.
- verði á varðbergi við netnotkun og verði meðvitaðir um að ferðalag um Netið er um leið speglun á þeim sjálfum.
- lýsi skoðunum sínum í umræðum um jafnrétti og lýðræði.
- fái tækifæri til þess að segja frá líðan sinni í viðhorfskönnunum sem lagðar eru fyrir tvisvar á ári í tengslum við mannræktina.
- kynnist hjálparstarfi með því að taka þátt í söfnun fyrir ABC hjálparstarf.

### Leiðir

Í námstímum vinna nemendur verkefni og taka þátt í umræðum um hin ýmsu viðfangsefni. Nemendur vinna einstaklingsverkefni og hópverkefni og stundum sem bekkur. Gestafyrirlesarar koma í heimsókn og nemendur fara einnig í heimsóknir, t.d. VR. Nemendur horfa á myndbönd og gera skrifleg verkefni.

---

### Námsmat

Skriflegt próf í lok 2. og 3. annar. Vinnubókaskil með viðfangsefnum annanna þar sem lagt er mat á glósugerð, verkefnaskil, vinnubrögð og fallegan frágang. Einnig er lagt mat á hvort verkefnum er skilað á réttum tíma, þátttöku í umræðum og að leggja gott til málanna. Matið er tvískipt; annars vegar prófseinkunn, hins vegar vinnueinkunn, sem er samsett úr fyrrgreindum þáttum.

### Námsgögn

Bæklingur frá Umferðarstofu um ökunám – ökuþróf – ökuskýrteini. Bókin Hvað kosta ég? myndbandið „Fáðu já“, ljósrit frá kennara, glærur.

---